# Reykjanesbær

Árshreikningur 2002

Reykjanesbær
Tjarnargötu 12
230 Reykjanesbæ

Kt. 470794-2169

# Reykjanesbær

## Ársreikningur 2002

Efnisyfirlit.


| | |
|---|---|
| Áritun endurskoðenda. ........................................ | 2 |
| Skýrsla stjórnar.................................................... | 3 |
| Rekstrarreikningur.............................................. | 4 |
| Efnahagsreikningur ............................................ | 5-6 |
| Yfirlit um sjóðstreymi ........................................ | 7 |
| Skýringar ............................................................ | 8-20 |

# Áritun endurskoðenda og skoðunarmanna

Til bæjarstjórnar Reykjanesbæjar

Við höfum endurskoðað ársreikning sveitarsjóðs og samantekinn ársreikning bæjarsjóðs Reykjanesbæjar og stofnana og fyrirtækja hans fyrir árið 2002. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar. Ársreikningurinn er lagður fram af bæjarstjórn og á ábyrgð hennar í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju á Íslandi. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka. Endurskoðunin felur í sér athugun á gögnum með úrtakskönnunum til að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar sem koma fram í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Við viljum vekja athygli á skýringarlið nr. 2 í ársreikningnum, þar sem gerð er grein fyrir breyttum reikningsskilaaðferðum og framsetningu ársreiknings bæjarsjóðs Reykjanesbæjar. Þessar breyttu reikningsskilaaðferðir gera samanburð við ársreikninga fyrri ára torveldan, þar sem verulegar munur er á reikningsskilaaðferðum sem er beitt við gerð ársreiknings 2002 og þeim aðferðum sem notaðar hafa verið á undanförnum árum við gerð reikningsskila bæjarsjóðs Reykjanesbæjar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu bæjarsjóðs Reykjanesbæjar á árinu 2002, efnahag hans 31. desember 2002 og breytingu á hreinu veltufé á árinu 2002, í samræmi við lög, reglugerðir og góða reikningsskilavenju sveitarfélaga á Íslandi.

Keflavík, 28. apríl 2003

**Deloitte & Touche hf.**

Guðmundur Kjartansson
endurskoðandi
sign.

Páll Steingrímsson
endurskoðandi
sign.

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn bæjarsjóðs Reykjanesbæjar höfum yfirfarið ársreikning bæjarsjóðs Reykjanesbæjar fyrir árið 2002. Við höfum fengið þær upplýsingar sem við höfum óskað eftir og sjáum engar ástæður til athugasemda. Með vísan til þess og áritunar endurskoðenda leggjum við til að ársreikningurinn verði samþykktur.

Keflavík, 28. apríl 2003

| | |
|---|---|
| Júlíus Jónsson<br>sign. | Reynir Ólafsson<br>sign. |

# Áritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra

Að áliti bæjarstjórnar og bæjarstjóra Reykjanesbæjar koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu samstæðu bæjarsjóðs, rekstrarniðurstöðu ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög, reglugerðir og auglýsingar um ársreikninga sveitarfélaga, en í ársreikningnum er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum og breytingum sem á þeim hafa orðið frá fyrra ári.

Ársreikningurinn hefur að geyma samantekinn ársreikning bæjarfélagsins og stofnana og fyrirtækja þess og ársreikning sveitarsjóðs.

Samkvæmt rekstrarreikningi námu rekstrartekjur í samanteknum ársreikningi bæjarsjóðs 3.355 milljónum króna, en þar af voru rekstrartekjur sveitarsjóðs 3.026 milljónir króna. Rekstrarniðurstaða í samanteknum reikningsskilum var neikvæð um 306 milljónir króna, en hún var neikvæð um 168 milljónir króna hjá sveitarsjóði. Heildareignir samkvæmt samanteknum ársreikningi voru 11.424 milljónir króna, en heildareignir sveitarsjóðs voru 9.437 milljónir króna. Eigið fé samkvæmt samanteknum ársreikningi var 3.054 milljónir króna og hlutfall eiginfjár af heildareignum var 27%. Eigið fé sveitarsjóðs var 3.819 milljónir króna og eiginfjárhlutfall 40%.

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar og bæjarstjóri staðfesta hér með ársreikning bæjarsjóðs Reykjanesbæjar fyrir árið 2002 með undirritun sinni.

Reykjanesbæ, 28. apríl 2003

Björk Guðjónsdóttir
forseti
sign.

Árni Sigfússon
bæjarstjóri
sign.

Böðvar Jónsson
sign.

Steinþór Jónsson
sign.

Þorsteinn Erlingsson
sign.

Sigríður Jóna Jóhannesdóttir
sign.

Kjartan Már Kjartansson
sign.

Jóhann Geirdal
sign.

Ólafur Thordersen
sign.

Guðbrandur Einarsson
sign.

Sveindís Valdimarsdóttir
sign.

# Rekstrarreikningur ársins 2002

| | Skýr. | Sveitarsjóður 2002 | Sveitarsjóður Fjárhags-áætlun | Samantekið 2002 | Samantekið Fjárhags-áætlun |
|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | 4 | | | | |
| Skatttekjur | | 2.284.456 | 2.359.000 | 2.274.030 | 2.359.000 |
| Framlög úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga | | 231.085 | 200.125 | 231.085 | 200.125 |
| Þjónustutekjur | | 505.648 | 589.583 | 731.919 | 822.778 |
| Eignatekjur | | 4.553 | 0 | 117.780 | 13.400 |
| | | 3.025.741 | 3.148.708 | 3.354.814 | 3.395.303 |
| **Rekstrargjöld** | | | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 5 | 1.688.080 | 1.628.918 | 1.753.505 | 1.683.520 |
| Hækkun lífeyrisskuldbindinga | | 392.770 | 0 | 403.113 | 0 |
| Vöru- og þjónustukaup | | 1.116.294 | 1.193.612 | 1.308.819 | 1.339.479 |
| Skattar og önnur opinber gjöld | | 4.040 | 21.527 | 4.663 | 21.891 |
| Styrkir og framlög | | 440.417 | 486.173 | 434.847 | 486.173 |
| Afskriftir | | 77.634 | 0 | 174.484 | 0 |
| | | 3.719.234 | 3.330.231 | 4.079.431 | 3.531.064 |
| **Rekstrarhagnaður (-tap) fyrir aðrar tekjur og gjöld** | | (693.492) | (181.523) | (724.617) | (135.761) |
| **Aðrar tekjur og gjöld** | | | | | |
| Söluhagnaður fasteigna | | 204.669 | 0 | 0 | 0 |
| Tekjur af hlutdeildarfélögum | | 0 | 0 | 326.630 | 0 |
| | | 204.669 | 0 | 326.630 | 0 |
| **Rekstrarhagnaður (-tap)** | | (488.823) | (181.523) | (397.987) | (135.761) |
| Fjármunatekjur (-fjármagnsgjöld) | 6 | 320.716 | 75.600 | 92.110 | 16.712 |
| **Hagnaður (tap)** | | (168.107) | (105.923) | (305.877) | (119.049) |

# Efnahagsreikningur

## Eignir

| | Skýr. | Sveitarsjóður 31.12.2002 | Sveitarsjóður 31.12.2001 | Samantekið 31.12.2002 | Samantekið 31.12.2001 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | | | |
| **Varanlegir rekstrarfjármunir** | 8,9 | | | | |
| Fasteignir og byggingarland | | 2.439.266 | 2.932.922 | 4.424.551 | 4.055.629 |
| Götur og veitukerfi | | 15.989 | 0 | 806.207 | 888.397 |
| Hafnarmannvirki | | 0 | 0 | 338.587 | 422.398 |
| Tæki, bifreiðar og lóðsbátur | | 53.035 | 60.661 | 88.057 | 83.621 |
| | | 2.508.290 | 2.993.583 | 5.657.402 | 5.450.045 |
| **Áhættufjármunir og langtímakröfur** | | | | | |
| Eignarhlutir í hlutdeildar- og dótturfélögum | 10 | 4.954.953 | 4.225.728 | 4.483.513 | 4.225.728 |
| Eignarhlutir í öðrum félögum | 10 | 107.882 | 23.943 | 107.882 | 23.943 |
| Skuldabréf | 11 | 53.508 | 61.187 | 170.791 | 98.083 |
| Skuldabréf við eigin sjóði og félög | | 835.269 | 0 | 0 | 0 |
| Aðrar langtímakröfur | 12 | 206.460 | 0 | 216.842 | 11.445 |
| | | 6.158.072 | 4.310.858 | 4.979.028 | 4.359.199 |
| **Fastafjármunir** | | 8.666.362 | 7.304.441 | 10.636.430 | 9.809.243 |
| **Veltufjármunir** | | | | | |
| **Vörubirgðir** | | | | | |
| Birgðir | | 4.344 | 10.827 | 14.033 | 18.490 |
| | | 4.344 | 10.827 | 14.033 | 18.490 |
| **Skammtímakröfur** | | | | | |
| Óinnheimtar tekjur | 13,14 | 482.016 | 453.714 | 525.920 | 495.129 |
| Aðrar skammtímakröfur | | 59.654 | 399.939 | 77.542 | 411.946 |
| Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki B-hluti | | 71.328 | 45.262 | 0 | 0 |
| Næsta árs og gjaldfallnar afborganir skuldabréfaeignar | | 76.277 | 47.957 | 82.268 | 51.972 |
| | | 689.275 | 946.872 | 685.730 | 959.048 |
| **Handbært fé** | | | | | |
| Bankainnistæður og sjóður | | 77.040 | 41.183 | 87.684 | 45.405 |
| | | 77.040 | 41.183 | 87.684 | 45.405 |
| **Veltufjármunir** | | 770.659 | 998.882 | 787.447 | 1.022.944 |
| **Eignir** | | 9.437.021 | 8.303.323 | 11.423.877 | 10.832.187 |

## Eigið fé og skuldir

| | Skýr. | Sveitarsjóður 31.12.2002 | Sveitarsjóður 31.12.2001 | Samantekið 31.12.2002 | Samantekið 31.12.2001 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | | | | | |
| Eigið fé | 15 | 3.819.164 | 3.473.456 | 3.053.569 | 3.229.345 |
| **Eigið fé** | | 3.819.164 | 3.473.456 | 3.053.569 | 3.229.345 |
| **Skuldir** | | | | | |
| **Skuldbindingar** | | | | | |
| Lífeyrisskuldbinding | 16 | 1.248.715 | 855.945 | 1.273.408 | 870.295 |
| | | 1.248.715 | 855.945 | 1.273.408 | 870.295 |
| **Langtímaskuldir** | 17 | | | | |
| Skuldir í erlendum gjaldmiðlum | | 2.138.437 | 2.562.021 | 2.488.258 | 3.293.655 |
| Skuldir í íslenskum krónum | | 1.211.792 | 755.765 | 3.394.753 | 2.604.820 |
| | | 3.350.229 | 3.317.786 | 5.883.011 | 5.898.474 |
| **Skammtímaskuldir** | | | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | | 186.476 | 96.297 | 233.171 | 114.859 |
| Viðskiptaskuldir | | 76.744 | 78.918 | 84.543 | 84.837 |
| Skuldir við eigin fyrirtæki B-hluti | | 2.238 | 0 | 0 | 0 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 198.932 | 155.800 | 224.951 | 173.211 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | 18 | 554.523 | 325.120 | 671.224 | 461.167 |
| | | 1.018.913 | 656.135 | 1.213.889 | 834.073 |
| **Skuldir** | | 5.617.857 | 4.829.867 | 8.370.308 | 7.602.843 |
| **Eigið fé og skuldir** | | 9.437.021 | 8.303.323 | 11.423.877 | 10.832.187 |

**Veðsetningar og ábyrgðarskuldbindingar** 19

# Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2002

| | Skýr. | Sveitarsjóður 2002 | Sveitarsjóður Fjárhags-áætlun | Samantekið 2002 | Samantekið Fjárhags-áætlun |
|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | | | |
| Rekstrarniðurstaða ársins | | (168.107) | (105.923) | (305.877) | (119.049) |
| **Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á handbært fé:** | | | | | |
| Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna | | 77.634 | 0 | 174.484 | 0 |
| Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna | | (204.669) | 0 | 226 | 0 |
| Afskriftir skuldabréfaeignar | | 3.993 | 0 | 7.868 | 0 |
| Verðbætur og gengismunur | | (335.452) | (250.000) | (343.099) | (250.000) |
| Verðhækkun skuldabréfaeignar á b hluta fyrirtæki | | (16.721) | 0 | 0 | 0 |
| Hlutdeildartekjur að frádregnum arðtekjum | | 0 | 0 | (237.455) | 0 |
| Breyting lífeyrisskuldbindinga | | 392.770 | 29.055 | 403.113 | 29.055 |
| **Hreint veltufé til rekstrar** | | (250.552) | (326.868) | (300.740) | (339.994) |
| **Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda:** | | | | | |
| Birgðir, lækkun (hækkun) | | 6.483 | (173) | 6.483 | (173) |
| Óinnheimtar tekjur, lækkun (hækkun) | | (28.302) | (16.286) | (28.302) | (16.286) |
| Aðrar skammtímakröfur, lækkun (hækkun) | | 748 | 234.803 | (5.082) | 234.803 |
| Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun) | | 40.958 | 11.814 | 154.442 | 11.814 |
| Skammtímaliðir á b - hluta fyrirtæki | | 93.944 | 0 | 0 | 0 |
| **Handbært fé til rekstrar** | | (136.721) | (96.710) | (173.199) | (109.836) |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | | | |
| Fjárfest í varanlegum rekstrarfjármunum | | (200.166) | (112.762) | (203.140) | (87.762) |
| Keypt hlutabréf í b- hluta fyrirtækjum | | (500) | 0 | 0 | 0 |
| Breyting ógreidds ríkisframlags til hafnargerðar | | 0 | 0 | 11.031 | 9.400 |
| Fjárfest í eignarhlutum í öðrum félögum | | (11.873) | 0 | (11.873) | 0 |
| Ný skuldabréfaeign | | (36.667) | (213.857) | (36.667) | (213.857) |
| Afborgun skuldabréfaeignar | | 35.684 | 0 | 35.684 | 0 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | (213.523) | (326.619) | (204.965) | (292.219) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | | | |
| Skammtímalán | | 90.179 | (70.319) | 118.313 | (70.319) |
| Nýjar langtímaskuldir | | 590.000 | 590.000 | 743.000 | 735.703 |
| Afborganir langtímaskulda | | (305.380) | (324.695) | (452.171) | (437.300) |
| Eigin fyrirtæki, breyting | | 11.301 | 155.398 | 11.301 | 155.398 |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | 386.101 | 350.384 | 420.443 | 383.482 |
| **Hækkun (lækkun) handbærs fjár** | | 35.857 | (72.945) | 42.279 | (18.573) |
| **Handbært fé í upphafi árs** | | 41.183 | 41.183 | 45.405 | 45.405 |
| **Handbært fé í lok árs** | | 77.040 | (31.762) | 87.684 | 26.832 |

# Skýringar

## Almennar upplýsingar

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, nr. 45/1998, lög um ársreikninga, nr 144/1994, lög um bókhald nr. 145/1994, reglugerð nr. 696/1996 um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga nr. 944/2000 og auglýsingu um reikningsskil sveitarfélaga nr. 790/2001.

   Starfsemi sveitarfélagsins er skipt í a og b-hluta. Til a-hluta telst sveitarsjóður, sem er aðalsjóður sveitarfélagsins auk annarra sjóða og stofnana er sinna starfsemi sem að hluta eða öllu leyti eru fjármögnuð með skatttekjum, en auk aðalsjóðs er um að ræða Eignasjóð og Þjónustustöð.

   Til b-hluta teljast stofnanir sveitarfélagsins og fyrirtæki sem að hálfu eða meiri hluta eru í eigu sveitarfélagsins og eru reknar sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar. Þau fyrirtæki og stofnanir sem falla undir b-hluta eru: Fráveita Reykjanesbæjar, Vatnsveita Reykjanesbæjar, Framkvæmdasjóður aldraðra, Húsnæðisnefnd Reykjanesbæjar, Reykjaneshöfn, Fasteigna Reykjanesbæjar ehf., Reykjanesbær fasteignafélag ehf. og Álfabrú ehf.

   Fjárhagsáætlun Reykjanesbæjar fyrir árið 2002 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi.

## Breytingar á reikningsskilaaðferðum

2. Framsetningu ársreikningsins á árinu 2002 hefur verið breytt frá fyrri árum og er hann nú í meginatriðum í samræmi við almenn reikningsskil. Þau yfirlit sem áður voru hluti ársreiknings sveitarfélagsins en falla nú út eru, fjármagnsyfirlit, rekstrar- og framkvæmdayfirlit og raunbreyting á peningalegri stöðu. Þau yfirlit sem hefur verið breytt eru efnahagsreikningur og skýringar.

   Með sveitarstjórnarlögum nr. 45/1998 og reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga nr. 944/2000 voru felld úr gildi eldri sveitarstjórnarlög nr. 8/1986 og reglugerð nr. 280/1989. Reglugerð nr. 944/2000 öðlaðist gildi hinn 1. janúar 2001, en sveitarfélögum var heimilt að fara að ákvæðum eldri reglugerðar við gerð fjárhagsáætlunar og ársreiknings fyrir reikningsárið 2001.

   Meginbreyting á reikningsskilum sveitarfélagsins felst í því að flestar fasteignir og ýmsir aðrir varanlegir rekstrarfjármunir eru yfirfærðir í Eignasjóð, sem er sjálfstæð a-hluta rekstrareining. Auk þess er nokkur hluti varanlegra rekstrarfjármuna færður til annarra sjóða og b-hluta fyrirtækja sveitarfélagsins. Varanlegir rekstrarfjármunir eru yfirfærðir á viðmiðunarverði auk endurbóta eða framreiknuðu kostnaðarverði, að teknu tilliti til afskrifta.

   Árlega eru reiknaðar afskriftir af varanlegum rekstrarfjármunum, en jafnframt er reiknuð innri leiga, sem tekjufærð er hjá Eignasjóði. Leigan er gjaldfærð hjá þeirri rekstrareiningu sem nýtir eignina í rekstri sínum. Markmiðið með þessari breytingu er að gera rekstrarkostnað eignanna sýnilegri og að hver rekstrareining beri þann raunkostnað sem henni tilheyrir. Fasteignir sveitarsjóðs voru áður eignfærðar á fasteignamati og hvorki voru reiknaðar afskriftir af þeim né öðrum varanlegum rekstrarfjármunum sveitarsjóðs.

   Samkvæmt fyrri reikningsskilaaðferðum voru gatna- og fráveituframkvæmdir, áhöld, tæki og innanstokksmunir færðir undir svonefnda gjaldfærða fjárfestingu, sem fellur út með þessum breyttu reikningsskilaaðferðum. Í ársreikningi 2002 eru þessir liðir ýmist eignfærðir eða gjaldfærðir. Nýbygging gatna og holræsa verða eftirleiðis eignfærð, en viðhald og rekstur þeirra gjaldfært. Áhöld og tæki sem eru að verðmæti undir kr. 500.000 eru gjaldfærð en fjármunir sem eru umfram þá fjárhæð eru eignfærðir. Sjá ennfremur nánar undir skýringum nr. 9 og 10 hér á eftir undir varanlegum rekstrarfjármunum.

   Frá 1. janúar 2002 verða eignarhlutir sveitarsjóðs í félögum færðir á kostnaðarverði, en þeir voru áður ýmist færðir samkvæmt hlutdeildaraðferð, á kostnaðarverði eða framreiknuðu kostnaðarverði. Bókfærðu verði eignarhluta sem voru í eigu sveitarsjóðs í árslok 2001 hefur ekki verið breytt.

Auk framangreindra breytinga á reikningsskilaaðferðum er horfið frá verðleiðréttingum í reikningsskilunum. Með lögum nr. 133/2001 voru gerðar breytingar lögum nr. 144/1994 um ársreikninga. Með breytingunum voru verðleiðréttingar laga um tekjuskatt og eignarskatt lagðar af frá og með 1. janúar 2002. Einnig voru afnumin ákvæði laga um ársreikninga, sem tóku til verðleiðréttinga í reikningsskilum vegna áhrifa almennra verðlagsbreytinga. Áfram er heimilt að færa sérstakt endurmat eigna að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Í ársreikningi þessum er hvorki reiknuð verðbreytingafærsla né fastafjármunir endurmetnir.

Samanburðartölum í efnahahagsreikningi hefur verið breytt til samræmis við framangreindar breytingar, en samanburðartölur í rekstrarreikningi er fjárhagsáætlun ársins.

## Helstu reikningsskilaaðferðir

3. Ársreikningurinn er í samræmi við lög og reglur og viðtekna reikningsskilavenju á Íslandi. Við gerð hans er í öllum meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári að öðru leyti en því, sem greint er frá í skýringarlið nr. 2 hér að framan. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð með þeim undantekningum vegna endurmats fastafjármuna sem greint er frá hér á eftir.

### Ársreikningur sveitarsjóðs

Ársreikningur sveitarsjóðs tekur til Aðalsjóðs, Eignasjóðs og Þjónustustöðvar. Í ársreikningnum eru öll veruleg innbyrðis viðskipti og viðskiptastöður á milli sjóða sem mynda sveitarsjóð færð út.

### Samantekinn ársreikningur

Samantekinn ársreikningur tekur til sveitarsjóðs og b-hluta fyrirtækja þar sem eignarhlutur sveitarsjóðs er meiri en 50% í árslok. Í samantekna ársreikningnum eru ársreikningarnir lagðir saman, en öll veruleg viðskipti og viðskiptastöður á milli sveitarsjóðs og fyrirtækja sem mynda samantekna ársreikninginn eru ekki meðtalin í honum.

### Innlausn tekna

Til skatttekna flokkast útsvar, fasteignaskattur og framlag úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga auk annarra tekna með skattígildi, svo sem lóðarleiga.
Útsvar er tekjufært samkvæmt staðgreiðsluskilagreinum og endanlegri álagningu ársins á undan, en aðrar skatttekjur eru tekjufærðar við álagningu þeirra.
Til lækkunar skatttekjum eru færðar reiknaðar niðurfærslur til að mæta vanhöldum vegna vafasamra óinnheimtra skatttekna.

Álögð gatnagerðargjöld, heimæðargjöld og framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til stofnframkvæmda eru færð til lækkunar stofnverði viðkomandi eigna.

Tekjur af sölu vöru og þjónustu eru tekjufærðar þegar afhending vöru hefur farið fram og þjónusta verið innt af hendi.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við vaxtakjör viðkomandi eigna, en arðstekjur eru tekjurfærðar þegar réttur til þeirra hefur skapast.

### Gjaldfærslur á tímabil

Gjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

### Verðlags- og gengisviðmið

Eignir og skuldir, sem bundnar eru vísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla, eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag og gengi í árslok. Verðbætur og gengismunur sem myndast er færður meðal fjármagnsgjalda í rekstrarreikningi.

### Niðurfærslur eigna

Langtímakröfur, óinnheimtar skatttekjur og aðrar útistandandi skammtímakröfur hafa verið metnar með tilliti til tapsáhættu og niðurfærðar með óbeinni afskrift í ársreikningi. Ekki er hér um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur sem mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Breyting á niðurfærslu sem þannig er ákveðin að teknu tilliti til endanlegra tapaðra krafna á reikningsárinu er færð í rekstrarreikning.

Eignarhlutar í félögum eru færðir niður í markaðsverð eða matsverð þar sem það er lægra en kostnaðarverð og niðurfærsla gjaldfærð í rekstrarreikningi.

### Varanlegir rekstrarfjármunir

Fasteignir og aðrir varanlegir rekstrarfjármunir sveitarsjóðs og Fráveita Reykjanesbæjar, Vatnsveita Reykjanesbæjar, Framkvæmdasjóður aldraðra, Húsnæðisnefnd Reykjanesbæjar, Reykjaneshöfn, Fasteignafélag Reykjanesbæjar ehf. og Reykjanesbær fasteignafélag ehf. eru nú færðir á matsverði eða framreiknuðu kostnaðarverði til ársloka 2001að frádreginni árlegri afskrift sem miðuð er við áætlaðan líftíma eignanna. Frá og með árinu 2002 eru varanlegir rekstrarfjármunir ekki framreiknaðir. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði þeirra og þeim kostnaði sem hlýst af öflun þeirra og endurbótum.

Stofnverð nýrra gatna- og veitukerfa er eignfært að frádregnum gatnagerðar- og heimæðargjöldum og sérstökum fráveituskatti.

Framlög jöfnunarsjóðs til stofnframkvæmda færast til lækkunar stofnverði viðkomandi eigna.

Afskriftir eru reiknaðar af stofnverði varanlegra rekstrarfjármuna að frádregnum framlögum til þeirra og gjaldfærðar línulegri afskrift á áætluðum endingartíma eignanna. Afskriftatími eigna hefst þegar þær eru teknar í notkun. Ef rekstrarfjármunur er enn í notkun eftir að afskriftartíminn er á enda, er skilið eftir niðurlagsverð sem samsvarar eins árs afskrift, en þó ekki meira en sem svarar til 10% af stofnverði. Áætlaður nýtingartími eignanna greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Fasteignir................................................................ | 25 til 50 ár |
| Lóðir og lönd vegna skipulags, gatnakerfi ............ | 25 ár |
| Veitukerfi............................................................... | 50 ár |
| Hafnarmannvirki ................................................... | 7 til 25 ár |
| Lóðsbátur .............................................................. | 12 ár |
| Aðrar eignir........................................................... | 3 til 8 ár |

### Eignarhlutar í félögum

Frá 1. janúar 2002 eru eignarhlutar sveitarsjóðs í öðrum félögum færðir á kostnaðarverði í ársreikningi sveitarsjóðs og frá sama tíma er ekki færð hlutdeild í afkomu þeirra í reikningsskilum hans þar sem fyrst og fremst er verið að draga fram ráðstöfun skatttekna í ársreikningi sveitarsjóðs. Bókfærðu verði eignarhluta sem voru í eigu sveitarsjóðs í árslok 2001 hefur ekki verið breytt. Í samanteknum ársreikningi eru eignarhlutir sveitarsjóðs í hlutdeildarfélögum færðir samkvæmt hlutdeildaraðferð.

Eignarhlutar b-hluta fyrirtækja í öðrum félögum eru færðir á kostnaðarverði, en eignarhlutir þessara fyrirtækja í hlutdeildarfélögum eru færðir samkvæmt hlutdeildaraðferð.

Í hlutdeildaraðferð felst að hlutdeild í afkomu og eigin fé hlutdeildarfélaganna er færð í reikningsskilin.

# Skýringar

## Eignir utan efnahags

Lönd og lóðir í eigu Reykjanesbæjar eru ekki færðar til eignar í efnahagsreikningi, ef frá er talið land sem keypt hefur verið vegna skipulags eða lóðaúthlutunar.

## Langtímakröfur

Langtímakröfur eru færðar til eignar eins og lánakjör segja til um. Næsta árs og gjaldfallnar afborganir langtímakrafna eru færðar á meðal veltufjármuna. Kröfurnar eru niðurfærðar til þess að mæta vanhöldum við innheimtu þeirra, sbr. kafla um niðurfærslu eigna.

## Birgðir

Rekstrarvörubirgðir eru metnar við kostnaðarverði. Hæfilegt tillit hefur tekið til úreltra og gallaðra vara.

## Skammtímakröfur

Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði auk áfallinna vaxta ef um vaxtaberandi kröfur er að ræða. Kröfurnar eru niðurfærðar til þess að mæta vanhöldum við innheimtu þeirra, sbr kafla um niðurfærslu eigna.

## Handbært fé

Handbært fé samanstendur af sjóð, innstæðum í bönkum í innlendum og erlendum gjaldeyri og öðrum óbundnum lánveitingum til fjármálastofnanna sem eiga það sameiginlegt að vera handbærar innan þriggja mánaða.

## Skuldbindingar

Skuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins er færð meðal skuldbindinga í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingafræðilegrar úttektar. Breyting á skuldbindingunni á árinu er gjaldfærð í rekstrarreikningi.

## Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar til verðlags í árslok eins og lánakjör segja til um. Skuldir sem bundnar eru vísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar upp miðað við verðlag eða gengi í árslok. Næsta árs afborganir langtímaskulda eru færðar meðal skammtímaskulda.

## Skammtímaskuldir

Skammtímaskuldir eru færðar til skuldar í efnahagsreikningi á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar og áfallinna vaxta ef um vaxtaberandi skuldir er að ræða.

# Skýringar

## Rekstrartekjur

4. Rekstrartekjur greinast þannig:

| | Sveitarsjóður | | Samantekið | |
|---|---|---|---|---|
| | 2002 | Fjárhags-áætlun 2002 | 2002 | Fjárhags-áætlun 2002 |
| **Skatttekjur án framlaga Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga** | | | | |
| Útsvör | 2.037.485 | 2.092.800 | 2.037.485 | 2.092.800 |
| Fasteignaskattur | 206.341 | 225.500 | 195.915 | 225.500 |
| Lóðarleiga | 40.630 | 40.700 | 40.630 | 40.700 |
| | 2.284.456 | 2.359.000 | 2.274.030 | 2.359.000 |
| **Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga** | | | | |
| Þjónustuframlag | 140.196 | 111.600 | 140.196 | 111.600 |
| Almennt grunnskólaframlag | 60.743 | 60.000 | 60.743 | 60.000 |
| Framlag vegna sérþarfa barna | 23.647 | 22.000 | 23.647 | 22.000 |
| Framlag vegna nýbúa | 6.499 | 6.525 | 6.499 | 6.525 |
| | 231.085 | 200.125 | 231.085 | 200.125 |
| **Aðrar tekjur** | 510.201 | 589.583 | 849.699 | 836.178 |

**Álagningarhlutföll**

| | |
|---|---|
| Útsvar | 12,70% |
| Fasteignaskattar - íbúðarhúsnæði | 0,36% |
| Fasteignaskatttar - atvinnuhúsnæði og óbyggt land | 1,65% |

## Laun og launatengd gjöld

5. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

| | Sveitarsjóður | | Samantekið | |
|---|---|---|---|---|
| Laun | 1.406.895 | 1.373.879 | 1.464.377 | 1.421.041 |
| Launatengd gjöld | 281.185 | 255.039 | 289.128 | 262.479 |
| Laun og launatengd gjöld samtals | 1.688.080 | 1.628.918 | 1.753.505 | 1.683.520 |
| | | | | |
| Stöðugildi í árslok 2002 | 529 | | 540 | |
| Starfsmannafjöldi í árslok 2002 | 614 | | 625 | |

Laun bæjarstjórnar, bæjarráðs og bæjarstjóra námu um 35,6 milljónum króna.

# Skýringar

## Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

6. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

| | Sveitarsjóður | | Samantekið | |
|---|---|---|---|---|
| | 2002 | Fjárhags-áætlun 2002 | 2002 | Fjárhags-áætlun 2002 |
| Vaxtatekjur frá fyrirtækjum í félagasamstæðu | 54.795 | 0 | 0 | 0 |
| Aðrar vaxtatekjur | 38.832 | 28.100 | 49.152 | 30.100 |
| Gengistap veltufjármuna | (101) | 0 | (101) | 0 |
| Aðrar fjármunatekjur, þ.m.t. arður | 99.956 | 89.000 | 10.781 | 89.000 |
| Fjármagnstekjuskattur | (12.054) | 0 | (12.059) | 0 |
| | 181.428 | 117.100 | 47.772 | 119.100 |
| Verðbætur langtímalána | 15.334 | 0 | 53.601 | 0 |
| Gengishagnaður langtímalána | (350.182) | (250.000) | (396.251) | (250.000) |
| Önnur vaxtagjöld | 195.560 | 291.500 | 298.313 | 352.388 |
| | (139.288) | 41.500 | (44.337) | 102.388 |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals | 320.716 | 75.600 | 92.110 | 16.712 |

## Rekstur málaflokka og fyrirtækja í samanburði við fjárhagsáætlun

7. Rekstur málaflokka greinist þannig:

| | Gjöld | Tekjur | Mismunur | Fjárhags-áætlun |
|---|---|---|---|---|
| Skatttekjur | 0 | 2.521.051 | 2.521.051 | 2.563.925 |
| Félagsþjónusta | 284.744 | 59.944 | (224.800) | (231.588) |
| Heilbrigðismál | 8.453 | 0 | (8.453) | (8.454) |
| Fræðslu- og uppeldismál | 1.414.459 | 179.835 | (1.234.624) | (1.197.409) |
| Menningarmál | 92.771 | 8.003 | (84.768) | (77.063) |
| Æskulýðs- og íþróttamál | 392.016 | 110.497 | (281.519) | (299.959) |
| Brunamál og almannavarnir | 59.860 | 0 | (59.860) | (59.883) |
| Hreinlætismál | 76.222 | 15.366 | (60.856) | (61.264) |
| Skipulags- og byggingarmál | 86.596 | 10.502 | (76.094) | (75.272) |
| Umferðar- og samgöngumál | 123.193 | 21.777 | (101.417) | (109.379) |
| Umhverfismál | 65.342 | 0 | (65.342) | (62.639) |
| Atvinnumál | 51.540 | 45.150 | (6.390) | (7.247) |
| Sameiginlegur kostnaður | 663.413 | 35.758 | (627.655) | (202.706) |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | (139.293) | 181.427 | 320.720 | 73.500 |
| Aðalsjóður samtals | 3.179.319 | 3.189.311 | 9.992 | 244.562 |
| Eignasjóður | 89.287 | 11.762 | (77.524) | (312.678) |
| Þjónustustöð | 106.670 | 6.095 | (100.575) | (37.807) |
| Sveitarsjóður samtals | 3.375.276 | 3.207.168 | (168.107) | (105.923) |

# Skýringar

| | Gjöld | Tekjur | Mismunur | Fjárhags-áætlun |
|---|---|---|---|---|
| Fráveita Reykjanesbæjar | 91.503 | 74.277 | (17.226) | 20.983 |
| Vatnsveita Reykjanesbæjar | 110.533 | 85.963 | (24.570) | 7.779 |
| Húsnæðisnefnd Reykjanesbæjar | 7.496 | 213.038 | 205.541 | 0 |
| Framkvæmdasjóður aldraðra | 414 | 0 | (414) | 0 |
| Reykjaneshöfn | 144.034 | 79.303 | (64.731) | (41.888) |
| Álfabrú ehf | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Fasteignafélag Reykjanesbæjar ehf | 162.057 | 99.933 | (62.124) | 0 |
| Reykjanesbær fasteignafélag ehf | 0 | 0 | 0 | 0 |
| | 516.037 | 552.513 | 36.476 | (13.126) |
| Jöfnunarfærslur | | (174.246) | (174.246) | 0 |
| Samantekt samtals | 3.891.313 | 3.585.436 | (305.877) | (119.049) |

## Fastafjármunir

8. Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

### Sveitarsjóður

| | Fasteignir og byggingaland | Vélar, áhöld og tæki | Veitu- og gatnakerfi | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Stofnverð í ársbyrjun | 4.730.440 | 60.661 | 0 | 4.791.101 |
| Afskrifað áður | (1.797.518) | 0 | 0 | (1.797.518) |
| Bókfært verð í ársbyrjun | 2.932.922 | 60.661 | 0 | 2.993.583 |
| Viðbót á árinu | 178.030 | 5.190 | 16.316 | 199.535 |
| Selt á árinu | (600.268) | (6.927) | 0 | (607.195) |
| Afskrifað á árinu | (71.419) | (5.888) | (326) | (77.634) |
| Bókfært verð í árslok | 2.439.266 | 53.035 | 15.989 | 2.508.290 |

### Samantekið

| | Fasteignir og byggingaland | Vélar, áhöld og tæki | Veitu- og gatnakerfi | Hafna mannvirki | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Stofnverð í ársbyrjun | 5.887.141 | 144.258 | 1.872.556 | 564.388 | 8.468.343 |
| Afskrifað áður | (1.831.512) | (60.637) | (984.159) | (141.991) | (3.018.299) |
| Bókfært verð í ársbyrjun | 4.055.629 | 83.621 | 888.397 | 422.397 | 5.450.045 |
| Viðbót á árinu | 2.083.572 | 21.932 | (45.652) | 2.718 | 2.062.570 |
| Selt á árinu | (1.606.289) | (7.942) | 0 | (66.497) | (1.680.728) |
| Afskrifað á árinu | (108.361) | (9.554) | (36.539) | (20.030) | (174.484) |
| Bókfært verð í árslok | 4.424.551 | 88.057 | 806.207 | 338.587 | 5.657.402 |

9. Fasteignamat og vátryggingamat eigna sveitarfélagsins í árslok greinist þannig:

| | Fasteigna-mat | Vátrygginga-mat | Bókfært verð |
|---|---|---|---|
| **Sveitarsjóður** | | | |
| Skólar | 576.541 | 1.402.985 | 1.237.282 |
| Leikskólar | 152.254 | 426.275 | 218.098 |
| Íþróttamannvirki | 194.916 | 436.377 | 523.970 |
| Aðrar fasteignir og byggingaland | 354.473 | 733.813 | 459.916 |
| | 1.278.184 | 2.999.450 | 2.439.266 |
| **Samantekið** | | | |
| Fasteignir sveitasjóður sbr. skýringu hér að ofan | 1.278.184 | 2.999.450 | 2.439.266 |
| Veitufyrirtæki | 39.400 | 25.558 | 17.808 |
| Fasteignir Reykjanesbæjar ehf. | 1.518.914 | 2.480.807 | 1.743.429 |
| Reykjanesbær fasteignafélag ehf | 186.719 | 432.937 | 525.000 |
| Framkvæmdasjóður aldraðra Reykjanesbæ | 36.958 | 91.304 | 40.998 |
| Reykjaneshöfn | 56.716 | 124.302 | 69.751 |
| Jöfnunarfærslur | | | (411.700) |
| | 3.116.891 | 6.154.358 | 4.424.551 |

## Eignarhlutar í félögum

10. Eignarhlutar í félögum í árslok greinast þannig:

| | Hlutdeild | Nafnverð | Bókfært verð |
|---|---|---|---|
| Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum: | | | |
| Hitaveita Suðurnesja hf. | 40,46% | 2.958.000 | 4.153.754 |
| Álfabrú ehf. | 100,00% | 500 | 500 |
| Fasteignir Reykjanesbæjar ehf. | 100,00% | 100.000 | 275.699 |
| Reykjanesbær fasteignafélag ehf. | 100,00% | 525.000 | 525.000 |
| | | 3.583.500 | 4.954.953 |
| Eignarhlutar í öðrum félögum: | | | |
| Atvinnuþróunarfélag Suðurnesja ehf. | 30,06% | 5.875 | 59 |
| Eignarhaldsfélagið Fasteign hf. | 25,00% | 1.000 | 1.000 |
| Eignarhaldsfélag Suðurnesja hf. | 22,50% | 76.300 | 71.975 |
| Heilsufélagið Bláa Lónið hf. | 0,06% | 600 | 600 |
| Helguvíkurmjöl hf. | 1,21% | 871 | 871 |
| Íslendingur ehf. | 23,00% | 115 | 8.000 |
| Íslenska magnesíumfélagið hf. | 1,40% | 6.000 | 6.000 |
| Landskerfi Bókasafna | 1,91% | 2.873 | 2.873 |
| Olíustöðin Helguvík hf. | 50,00% | 1.000 | 1.000 |
| Skipasmíðastöð Njarðvíkur hf. | 9,39% | 11.698 | 14.850 |
| Sparisjóðurinn í Keflavík | 11,35% | 1.500 | 2.094 |
| Suðurflug ehf. | 2,31% | 224 | 2.404 |
| Talus ehf. | 0,94% | 200 | 200 |
| Tankabú Helguvík hf. | 10,00% | 50 | 50 |
| Tjarnargata 12 ehf. | 30,10% | 2.107 | 2.107 |
| Sorpeyðingastöð Suðurnesja s.f. | 66,92 | 33 | 33 |
| Samvinnutryggingar g.t. | | | 2 |
| Afskriftareikningur eignarhluta | | | (6.237) |
| | | 110.448 | 107.883 |
| | | 3.693.948 | 5.062.835 |

# Skýringar

## Langtímakröfur

11. Skuldabréfaeign greinist þannig:

| | Sveitarsjóður | Samantekið |
|---|---|---|
| Byggingasjóður verkamanna | 14.556 | 14.556 |
| Gerðahreppur | 0 | 35.165 |
| Vatnsleysustrandarhreppur | 0 | 58.122 |
| Almenn skuldabréfaeign | 88.767 | 146.107 |
| | 103.323 | 253.950 |
| - óbein afskrift skuldabréfa | (4.637) | (23.831) |
| | 98.686 | 230.120 |
| Næsta árs og gjaldfallnar afborganir | (45.178) | (59.328) |
| | 53.508 | 170.791 |
| Afborganir af skuldabréfaeign dreifast þannig á næstu ár: | | |
| Gjaldfallnar afborganir | 28.460 | 33.222 |
| Næsta árs afborganir | 16.718 | 26.106 |
| Afborganir 2004 | 6.182 | 15.570 |
| Afborganir 2005 | 4.517 | 46.611 |
| Afborganir 2006 | 4.584 | 33.081 |
| Afborganir 2007 | 3.925 | 13.313 |
| Afborganir síðar | 38.937 | 86.048 |
| | 103.323 | 253.950 |

12. Aðrar langtímakröfur greinast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Varnarliðið vegna fráveituframkvæmda | 229.400 | 229.400 |
| Langtímahluti fjárveitingar til hafnarframkvæmda | 0 | 10.382 |
| - næsta árs afborganir | (22.940) | (22.940) |
| | 206.460 | 216.842 |

## Óinnheimtar tekjur sveitarsjóðs

13. Óinnheimtar tekjur sveitarsjóðs í árslok greinast þannig:

| | Sveitarsjóður | Samantekið |
|---|---|---|
| Útsvör og aðstöðugjöld | | |
| Gjöld í innheimtu Sýslumannsins í Keflavík | 214.437 | 214.437 |
| - óbein afskrift gjalda | (25.734) | (25.734) |
| Sýslumaðurinn í Keflavík millireikningur | 4.346 | 4.346 |
| Útistandandi staðgreiðsla | 194.341 | 194.341 |
| | 387.390 | 387.390 |
| Fasteignagjöld | | |
| Gjöld í gjaldendabókhaldi bæjarsjóðs | 51.573 | 51.573 |
| | 51.573 | 51.573 |
| Aðrar tekjur | | |
| Gatnagerðargjöld | 22.207 | 22.207 |
| Vistgjöld barna á leikskólum | 10.520 | 10.520 |
| Ýmsar tekjur | 11.185 | 11.185 |
| - óbein afskrift gjalda | (859) | (859) |
| | 43.053 | 43.053 |
| Óinnheimtar tekjur sveitarsjóðs alls | 482.016 | 482.016 |
| Viðskiptakröfur annarra félaga | 0 | 43.904 |
| Óinnheimtar tekjur alls | 482.016 | 525.920 |

14 Óinnheimt útsvör auk dráttarvaxta af þeim kröfum eru niðurfærð um óbeina afskrift. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða, heldur er myndaður mótreikningur til að mæta þeim vanhöldum sem kunna að verða á innheimtu fyrirframgreindra krafna. Niðurskrift þessi nemur alls kr. 25.734.304 í árslok, sem er um 12% óinnheimts útsvars, aðstöðugjalda og dráttarvaxta. Óbein afskrift útsvara og dráttarvaxta af þeim hækkar um kr. 3.513.552 á árinu sem eru færðar til lækkunar á skatttekjum.

Aðrar útistandandi tekjur, víxileign, skuldabréfaeign og viðskiptamenn vegna ábyrgða eru niðurfærð á sama hátt til að mæta vanhöldum sem kunna að verða á innheimtu þeirra. Í árslok hefur samtals verið lagt í afskriftasjóð vegna vistgjalda kr. 859.431, vegna víxileignar kr. 100.000, vegna skuldabréfaeignar kr. 4.636.808 og kr. 10.356.730 vegna viðskiptamanna. Ofangreindir afskriftasjóðir eru færðir til lækkunar á viðkomandi liðum í efnahagsreikningi. Óbeinar afskriftir vegna þessara krafna lækka um kr. 28.456.128 á árinu og er fært í málaflokk 21, afskriftir krafna. Á árinu var afskrifað beint vegna þessara krafna kr. 3.513.083.

## Eigið fé

15. Yfirlit yfir eiginfjárreikninga:

| | Sveitarsjóður | Samantekið |
|---|---|---|
| Yfirfært frá fyrra ári | 5.417.792 | 5.173.680 |
| Endurmat fastafjármuna vegna breytinga á reikningsskilaaðferðum | (1.944.335) | (1.944.335) |
| Leiðrétt upphafsstaða | 3.473.457 | 3.229.345 |
| Breytingar vegna slita Hafnasamlags | 0 | 37.645 |
| Veitufyrirtæki færð í b-hluta / endurmat eignarhluta | 513.815 | 154 |
| Endurmat hlutdeildarfélags Hitaveitu Suðurnesja hf. | | 92.302 |
| Rekstrarafkoma ársins | (168.107) | (305.877) |
| | 3.819.164 | 3.053.569 |

## Skuldbindingar

16. Á bæjarsjóði hvílir lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna bæjarfélagsins hjá Eftirlaunasjóði Reykjanesbæjar, B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóði Hjúkrunarkvenna. Áfallin skuldbinding skv. útreikningi tryggingafræðings miðað við 2% ávöxtun nemur alls um 1.248,7 milljónum í árslok 2002 og hefur þá hækkað um 392,7 milljónir króna frá sama tíma árið áður. Í lífeyrissjóði eins og Eftirlaunasjóði Reykjanesbæjar skal miða við 2% þar sem lífeyrisgreiðslur eru beintengdar við kauplagsþróun en að öðrum kosti er almennt miðað við 3,5% ávöxtun.

Á Reykjaneshöfn hvílir skuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna félagsins hjá B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Skuldbindingin nemur um 24,7 milljónum króna samkvæmt tryggingafræðilegu mati og miðast útreikningurinn við 2% ávöxtun umfram launahækkanir. Hækkun skuldbindingarinnar nam um 4,4 milljónum króna og er fært til gjalda í rekstrarreikningi meðal launakostnaðar. Þar að auki er færð á meðal annarra tekna og gjalda leiðrétting á útreikningi lífeyrisskuldbindingar fyrri ára að fjárhæð um 5,9 milljónir króna.

| | Sveitarsjóður | Samantekið |
|---|---|---|
| Lífeyrisskuldbindingar | 1.248.715 | 1.273.408 |

## Langtímaskuldir

17. Yfirlit um langtímaskuldir:

| | Sveitarsjóður | Samantekið |
|---|---|---|
| Skuldir í erlendum gjaldmiðlum: | | |
| Búnaðarbanki Íslands hf. | 0 | 149.091 |
| Íslandsbanki hf. | 916.230 | 1.148.944 |
| Nordic Investment Bank | 307.790 | 307.790 |
| Union bank of Norway International S.A. | 249.804 | 249.804 |
| Wurttenbergische Hypothekenbank AG | 1.019.400 | 1.019.400 |
| | 2.493.224 | 2.875.029 |
| Skuldir í íslenskum krónum: | | |
| Byggingasjóður ríkisins | 3.382 | 1.499.300 |
| Íslandsbanki hf. | 857.068 | 1.314.511 |
| Kaupþing hf. | 81.449 | 81.449 |
| Landsbanki Íslands hf. | 169.035 | 398.505 |
| Lánasjóður sveitarfélaga | 179.345 | 179.345 |
| Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum | 27.928 | 27.928 |
| Aðrir lánveitendur | 93.321 | 178.167 |
| | 3.904.751 | 6.554.233 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | (554.522) | (671.222) |
| Langtímaskuldir í árslok | 3.350.229 | 5.883.011 |

18. Afborganir af langtímaskuldum félagsins í lok ársins greinast þannig á næstu ár:

| | | |
|---|---|---|
| Næsta árs afborganir | 554.522 | 671.222 |
| Afborganir 2004 | 1.096.321 | 1.228.269 |
| Afborganir 2005 | 228.978 | 600.670 |
| Afborganir 2006 | 192.124 | 461.757 |
| Afborganir 2007 | 166.660 | 295.302 |
| Afborganir síðar | 1.666.146 | 3.297.012 |
| | 3.904.751 | 6.554.233 |

## Ábyrgðir og veðsetningar

19. Á bæjarsjóði hvíla ábyrgðarskuldbindingar sem ekki hafa verið færðar í efnahagsreikning bæjarsjóðs. Þessar skuldbindingar eru:

Hlutur bæjarsjóðs í ábyrgðarskuldbindingum til þriðja aðila sem bæjarstjórn hefur samþykkt með einfaldri bæjarábyrgð nemur alls að eftirstöðvum um 52,4 milljónir króna.

Bæjarsjóður er í greiðsluskuldbindingum vegna landakaupasamninga að fjárhæð 20,8 milljónir kr. og vegna íþróttamannvirkja að fjárhæð um 12,3 milljónir kr.

Bæjarsjóður hefur skuldbundið sig með gerð langtímaleigusamninga alls að núvirði 659,4 milljónir króna. Um er að ræða eftirtalda rekstrarleigusamninga og er mánaðarleg leigufjárhæð þeirra m.v. verðlag í janúar 2003:

| | |
|---|---|
| Bókasafn Hafnargötu 57 - upphaf leigu var september 1993 og er leigt til 12 ára...................................................... | 871.597 |
| Bæjarskrifstofur Hafnargötu 57 - upphaf leigu var janúar 1997og er leigt til 10 ára................................................. | 317.220 |
| Bæjarskrifstofur Tjarnargötu 12 - upphaf leigu var febrúar 1999 og leigt til 20 ára................................................. | 1.130.752 |
| Íþróttahús Krossmóa 60 - upphaf leigu var febrúar 2000 og leigt til 35 ára............................................................ | 2.755.881 |

Eignaréttur flyst ekki yfir til leigutaka í lok leigutímans og leigutaki hefur ekki kauprétt á hinum leigðu eignum gegn óverulegri fjárhæð skv. ofangreindum leigusamningum. Leigutími þessara samninga er mun skemmri en áætlaður líftími eignanna og núvirði leigugreiðslna er nokkru undir raunvirði þeirra. Leigusamningar þessir eru því ekki eignfærðir í ársreikningum bæjarsjóðs né skuldbinding vegna þeirra færðar til skuldar í efnahagsreikningi.

Bæjarsjóður Reykjanesbæjar er í ábyrgðum á öllum skuldum sjálfstætt rekinna stofnana í eigu bæjarfélagsins. Hér er um að ræða skuldir Fasteigna Reykjanesbæjar ehf. um 1.539,1 milljónir króna og Reykjaneshafnar um 1.245,9 milljónir króna eins og þær voru samkvæmt efnahagsreikningi fyrirtækjanna í árslok 2002.

Bæjarsjóður Reykjanesbæjar er í ábyrgðum ásamt öðrum á skuldum sameignarfélaganna Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja, og Dvalarheimilis aldraðra á Suðurnesjum (DS). Ábyrgð Bæjarsjóðs Reykjanesbæjar nemur um 141,3 milljónum króna fyrir Sorpeyðingarstöð Suðurnesja, og um 53 milljónum króna fyrir Dvalarheimili aldraðra á Suðurnesjum. Bæjarsjóður Reykjanesbæjar er einnig í ábyrgðum vegna skulda in solidum fyrir Hitaveitu Suðurnesja hf. en hlutur þeirra í ábyrgðum þessum er um 963,7 milljónir króna.

# Skýringar

## Kennitölur

| | Sveitarsjóður | | Samantekið | |
|---|---|---|---|---|
| | 2002 | Fjárhags-áætlun 2002 | 2002 | Fjárhags-áætlun 2002 |
| 20. **Í hlutfalli við rekstrartekjur** | | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 68,77% | 51,73% | 64,28% | 49,58% |
| Annar rekstrarkostnaður | 51,58% | 54,03% | 52,11% | 54,41% |
| Rekstrargjöld | 122,92% | 105,77% | 121,60% | 104,00% |
| Fjármagnsliðir, nettó | -10,60% | -2,40% | -2,75% | -0,49% |
| Rekstrarniðurstaða | -5,56% | -3,36% | -9,12% | -3,51% |
| 21. **Í þúsundum króna á íbúa** | | | | |
| Skatttekjur og jöfnunarsjóður | 230 | 234 | 230 | 234 |
| Eigna og þjónustutekjur | 47 | 54 | 78 | 77 |
| Rekstrartekjur samtals | 277 | 289 | 307 | 311 |
| Aðrar tekjur | 19 | 0 | 30 | 0 |
| Rekstrargjöld og fjármagnsliðir | (311) | (298) | (365) | (322) |
| Eignir | 865 | 761 | 1.047 | 993 |
| Eigið fé | 350 | 318 | 280 | 296 |
| Skuldir og skuldbindingar | 515 | 443 | 767 | 697 |
| 22. **Aðrar lykiltölur** | | | | |
| Veltufjárhlutfall - veltufjármunir / skammtímaskuldir | 0,76 | 1,52 | 0,65 | 1,23 |
| Eiginfjárhlutfall - eigið fé / heildarfjármagn | 40,47% | 41,83% | 26,73% | 29,81% |
| 23. **Íbúafjöldi** | | | | |
| Í ársbyrjun | 10.909 | | 10.909 | |
| Breyting á árinu | 5 | | 5 | |
| Í árslok | 10.914 | | 10.914 | |